

Yfirlýsing peningastefnunefndar 19. ágúst 2015

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að hækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 5,5%.

Samkvæmt nýbirtri spá Seðlabankans verður árlegur hagvöxtur rúmlega 4% í ár og u.þ.b. 3% næstu tvö árin. Á spátímabilinu er vöxturinn um ½ prósentu minni á ári en bankinn spáði í maí sl. Þetta er þó öflugur vöxtur enda fer framleiðsluspenna vaxandi á næstu misserum og hagvöxtur verður í ríkari mæli en á undanförunum árum drifinn af innlendri eftirspurn, ekki síst einkaneyslu. Fjárfesting verður hins vegar veikari en áður var spáð og vinnuafseftirspurn vex hægar.

Verðbólga hefur aukist undanfarið en er enn undir markmiði Seðlabankans, sérstaklega ef horft er framhá húsnæðislið verðvísitölunnar. Verðbólguhorfur hafa hins vegar versnað verulega miðað við síðustu spá bankans vegna niðurstöðu nýgerðra kjarasamninga og verðbólguvæntingar hafa hækkað. Spáð er að verðbólga verði komin í 4% snemma á næsta ári og verði á bilinu 4-4½% næstu tvö árin en hjaðni síðan í átt að verðbólgu markmiðinu, enda felst í spánni að aðhaldsstig peningastefnunnar aukist á næstunni.

Breytingar á efnahagshorfum frá því í maí má fyrst og fremst rekja til áhrifa mikilla launahækkana í kjölfar kjarasamninganna og aukins peningalegs aðhalds sem óhjákvæmilega fylgir þeim. Þær stafa þó einnig af alþjóðlegri þróun sem hefur stuðlað að meiri lækkingu innflutningsverðs en áður var gert ráð fyrir og bættum viðskiptakjörum sem vinna á móti verðbólguáhrifum launahækkana. Gengi krónunnar hefur einnig hækkað lítillega þrátt fyrir mikil gjaldeyriskaup Seðlabankans.

Aukist verðbólga í framhaldi af kjarasamningum eins og spáð er mun peningastefnunefnd þurfa að hækka vexti enn frekar eigi verðbólgu markmiðið að nást til lengri tíma litið. Hve mikið og hve hratt ræðst af framvindunni og því hvernig greiðist úr þeirri óvissu sem nú er til staðar. Þar má nefna í hve ríkum mæli miklar launahækkanir koma fram í hækkun verðlags annars vegar og aukinni hagræðingu og framleiðniaukningu hins vegar. Þróun viðskiptakjara, útlána og fasteigna-verðs skiptir þar einnig máli. Vaxtaferillinn mun einnig ráðast af því hvort öðrum stjórnækjum verður beitt til þess að halda aftur af eftirspurnarþrýstingi á komandi misserum.